

**Ed.**

### **179. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar varðandi nauðsynlegt aðhald af hálfu ríkisvaldsins, að því er snertir rétta breytni borgaranna í landinu.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að koma í veg fyrir, að menn í hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins stundi óleyfilegar athafnir, sem koma í bága við borgaralegt siðferði?

Greinargerð.

Haraldur Guðmundsson alþingismaður hefur nýlega tekið til meðferðar takmarkaðan þátt þess viðfangsefnis, sem frá er greint í þessari fyrirspurn. Fylgi ég um það efni frásögn Alþýðublaðsins 9. þ. m. Blaðið greindi þar frá í hátiðlegu máli, sem var lukt í sérstakri umgerð á tilhaldsstað í blaðinu, að Haraldur Guðmundsson hefði, utan dagskrár, snúið sér til ríkisstjórnarinnar með fyrirspurn varðandi hneigð bændastéttarinnar til ófrómleika. Fer blaðið um þetta efni svo-felldum orðum:

„Fá bændur verðuppbót á kjötið, sem þeir nota til heimilisþarfa? ....

Spurðist Haraldur fyrir um það, hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hefði gert til að koma í veg fyrir, að kjötframleiðendur geti fengið greiddar verðuppbætur á það kjöt, sem þeir nota sjálfir til heimilisþarfa. ....

Það er vitaskuld hægur vandi fyrir kjötframleiðendur að leggja kjötið inn og fá greiddar á það verðuppbætur og taka það síðan út aftur við því verði, sem ákveðið er í útsölu. Sérstaklega liggur þetta vel við þar, sem auðvelt er um flutninga.“

Fyrirsprjandi og blað hans gera bersýnilega ráð fyrir þrennu:

1. Að bændur, sem framleiða kjöt, eigi að fá vöruna dýrari til heimanota en samborgarar þeirra, sem ekki fást við þá framleiðslu.
2. Að bændur muni í svo stórum, stíl, að úr því verði þjóðfélagslegt vandamál, hafa í frammi það, sem fyrirsprjandi litur á sem vitaverðan fjárdrátt.
3. Að það, sem fyrirsprjandi litur á sem fjársvik, muni aðallega blómgast þar, sem eru greiðar samgöngur á sjó eða landi.

Þar sem hér er um að ræða að skora á ríkisstjórnina að hafa eftirlit með siðferði bændastéttarinnar, einkanlega þar, sem vegakerfið er fullkonnast, þótti mér rétt, að málið yrði rakið á breiðari grundvelli og látið ná til allra stétta þjóðfélagsins. Lítil vafi er á, að hneigð til syndsamlegra athafna er ekki bundin við eina stétt eða staði, þar sem létt er um bifreiðaakstur. Menn syndga á hinn fjölbreyttasta hátt. Sumir svíkjust um að vinna, þótt þeir hafi hátt kaup, aðrir leyndu eignum og tekjum, er þeir telja fram til skatts. Sumt heiðursfólk etur sælgæti, sem er eign verzlunarinnar. Menn, sem starfa í bönkum, taka stundum fé úr sparisjóðsbókum annarra. Eigendur veiðiskipa breiða yfir nafn og númer og veiða í landhelgi. — Syndin kemur fram í óteljandi myndum. Þess vegna vekur það undrun, þegar einn af helztu leiðtogum verkamanna tekur bændastéttina út úr og heimtar ríkiseftirlit með breytni, sem er áreiðanlega mjög fátíð og auk þess vafasamt, hvort getur talizt til sagnæmra athafna.

Þó að gert sé ráð fyrir vegna röksemda, að íslenskir bændur megi ekki selja kjöt í kaupstað, fá á það verðlækkun eða neytendastyrk og kaupa það síðan á opnum markaði, þá má telja fullvíst, að sá verzlunarmáti sé svo fátíður í landinu, að ríkisstjórnin þurfi þar ekki að koma til skjalanna. Margra alda reynsla sýnir og sannar, að bændastéttin ber allra stétta mest fyrir brjósti hag þjóðfélagsins og er ábyrg gerða sinna. Ef bændastéttin álitur, að hún eigi að borða dýrara kjöt en annað fólk í landinu, þá setta bændur sig við það og eru allra manna ólíklegastir til að reyna að hagnast á mannfélaginu með óleyfilegu atferli.

En það, sem Haraldur Guðmundssyni og Alþýðublaðinu skjáttlast hrapallega um, er sjálfur grundvöllur sektardóms þess, er þeir vilja fella. Sókn Haralds Guðmundssonar byggist á því, að sveitafólkið eigi að borða dýrara kjöt en allir aðrir landsmenn. Þetta er hvergi ákveðið í lögum, og engin skynsamleg rök mæla með, að svo skuli vera. Mér er nær að halda, að eftir anda rétt framkvæmdra dýrtíðarlaga ætti að greiða bændum neytenda- eða verðlækkunarstyrk á það kjöt, sem þeir nota til heimilisþarfa. Ef Stefán Jóhann og Haraldur Guðmundsson væru bændur á Hólsfjöllum, þar sem sauðféð er vænst, og teldu sig þurfa 50 dilka hvor til heimilisþarfa, sýnist auðsætt, að þeir gætu lagt inn alla sína dilka í næstu verzlun og fengið síðan hvor annars dilka út úr kjötbúðinni. Ég hygg, að slík framkvæmd væri ekki brot á landslögum og ekki meiri synd en svo kallað heiðursfólk fremur af og til, átölulaust af þeim, sem vaka yfir góðum síðum.

Tilgangur þessarar fyrirspurnar er sá að benda á, að ef ríkisvaldið á að hefja nýjar aðgerðir í siðbótarmálum, þá skortir grundvöll undir, að sérstök herferð sé hafin út af heimaneyzlu kjöts í sveitum. Jafnframt er haldið opinna leið, ef dóms- og kirkjumálastjórninni þykir ástæða til, að varpa leiðarljósi nýrra og hærri siðgæðishugmynda yfir mannlegan veikleika, eins og hann birtist í dagfari fólks í öllum stéttum í landinu.